

## Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi

Ragna Árnadóttir, formaður

### Góðir fundargestir!

Þetta hefur verið ánægjulegur dagur og dagskráin frábær. Margt hefur komið hér fram sem tíminn leyfir ekki að verði endurtekið, ég læt nægja að nefna fáein skilaboð:

Það þarf skýrar aðgerðir til að auka verðmætasköpun. Það þarf að bæta skilyrði atvinnugreinanna. Við viljum bæta lífskjörin. Viðskiptaráð hefur sett fram 13 tillögur sem hafa verið kynntar hér í dag. Auk þess höfum við fengið góð ráð frá Esko Aho – 8 reglur fyrir lönd í kreppu. Þá hafa formenn stjórnmalaflokkanna komið með sína sýn á málin.

Ísland stendur á krossgötum í efnahagsmálum þar sem næstu skref munu ráða miklu um þróun lífskjara. Góð strategía byggir á að vita hvað gerist næst, eins og Esko Aho sagði. Og það er nauðsynlegt að hugsa núna!

- Mun einhver stjórnmalaflokkur, einn og sér, leysa þær áskoranir sem við blasa? Ég held ekki.
- Munu aðilar vinnumarkaðarins vera þess megnugir, án aðkomu stjórnmalaflokka? Ég held ekki.
- Mun þá viðskiptalífið ráða við þetta án aðkomu annarra? Ég held ekki.

Af hverju segi ég það? Það er ekki til að varpa rýrð á þessa aðila. En ég vek athygli á því að langtímastefna og langtímahugsun þýðir það, að þær ákvarðanir sem teknar eru verða að vera það góðar, að þær þoli tímans tönn. Annars eru þetta ekki ákvarðanir til langs tíma. En það er galdur að finna feril, sem leiðir til slíkrar ákvarðanatöku.

Þótt margir kalli eftir samvinnu og sátt, líkt og gert hefur verið hér í dag, er ófriðarbálið ekki langt undan. Það krefst úthalds og hugrekks að vinna saman. En ég er bjartsýn á að einmitt nú sé slíkt úthald og hugrekki til staðar.

Hvernig hefði annars *Samráðsvettvangur um aukna hagsæld* orðið til? Ég hef lýst því sem svo, að tilurð hans eru eins og margir lækir sem renna saman og mynda að lokum myndarlega dragá.

Ég held þó að ekki á sé neinn hallað þótt ég nefni hér sérstaklega margnefnda skýrslu ráðgjafarfyrtækisins McKinsey sem út kom síðastliðið haust. Þá skapaðist hinn eiginlegi grundvöllur

Talað orð gildir

fyrir því að yfirhöfuð ræða um svona samvinnu. Voru ýmsir fljótir til að grípa þann bolta sem hent var upp í skýrslunni.

Stillum saman strengi segir Viðskiptaráð. Vinum saman eru hvatningarorð Samtaka atvinnulífsins. Og í nýlegu samkomulagi ASÍ og SA vegna endurskoðunar og framlengingar kjarasamninga segir, með leyfi fundarstjóra: Samtökin vilja á næstu vikum leita samstöðu sín á milli um meginþætti atvinnustefnu sem hefur hagvöxt, fleiri og betri störf og bætt lífskjör á grunni stöðugleika að markmiði. Meðal annars verði nýleg skýrsla McKinsey um sóknarfæri Íslands höfð til hliðsjónar, auk þeirrar vinnu sem unnin hefur verið á vegum samningsaðila og annarra gagna og stefnumótunar sem liggur fyrir hjá opinberum aðilum eða öðrum. – Tilvitnun lýkur.

Víkjum aftur að Samráðsvettvangnum. Það skal tekið skýrt fram að eigendur verkefnisins eru allir þeir 26 einstaklingar sem þar sitja.

Eiga þeir fyrir höndum, í krafti þekkingar sinnar og reynslu, það verkefni að finna sameiginlega fleti á mjög krefjandi viðfangsefni.

Efniviður til samráðsvettvangsins verður unninn af sjálfstæðri verkefnisstjórn. Hún vinnur drög að tillögum sem síðan verða teknar til umræðu. Verkefnisstjórnin er sjálfstæð að því leytinu til að hún tekur ekki við beinum fyrirmælum frá meðlimum samráðsvettvangsins. Það er þó sameiginlegur skilningur allra að verkefnisstjórnin tekur við leiðbeiningum og sjónarmiðum þaðan og starfar þannig þessir tveir hópar í nánum tengslum við hvorn annan.

Þannig er lagt upp með að þverpólitísk og þverfagleg vinna eigi sér stað. Samtal á breiðum grunni verður um þau markmið, sem almenn sátt er um og hvaða tillögur koma til greina til að ná markmiðunum. Þá er mikilvægt að hafa gagnsæja umræðu um þau atriði, sem ekki er samkomulag um.

Því við gerum okkur fulla grein fyrir að ekki er samkomulag um öll þau atriði og þær aðferðir, sem til greina koma til að auka hagvöxt. En breið sátt um nokkur lykilatriði getur orðið góður grunnur að þeirri langferð, sem við erum stödd í, að móta hagvaxtarstefnu til langframa.

Lítum nánar á þann hóp, sem skipar samráðsvettvanginn. Þar eiga sæti stjórnmalaleiðtogar, aðilar vinnumarkaðarins, fulltrúar fræðasamfélagsins, fulltrúar viðskiptalífsins og fulltrúar stjórnsýslunnar. Hafi skort á samskipti eða samráð hingað til er hér verulega gott tækifæri til að bæta úr því!

Síðan má ekki gleyma hverjir standa að baki samráðsvettvanginum – það er breið fylking, það er almenningur. Táknrænt umboð er því mjög sterkt.

Talað orð gildir

Hugmyndin að baki verkefninu er sú, að í stað þess að líta á málin eingöngu út frá eigin hagsmunum eða þröngum sjónarhóli er þetta tækifæri til að hefja sig upp og líta á heildina – líta á þau tækifæri, sem Íslandi standa til boða og hvernig hægt sé að vinna betur úr þeim.

Vert er að geta, að margir koma að vinnunni, til þess að sé hægt og þetta er í raun einstakt tækifæri til að vinna fram efni, sem nýst getur bæði nú og síðar, þegar taka þarf hinar endanlegu ákvarðanir.

Í verkefnisstjórninni sem ég minntist á áðan starfa 5 vinnuhópar og eiga þar fjölmargir sérfræðingar aðkomu, hvort sem er úr viðskiptalífínu, ráðuneytum eða fræðasamfélaginu.

Alls koma 70 manns nú að verkefninu, að öllum meðtöldum. Þetta er gífurlega fjölbreyttur hópur og hafa fyrirtæki og stofnanir verið afar liðlegar við að lána sitt fólk til vinnunnar. Svo mikilvægt er þetta mál fyrir Ísland!

Svo er það spurningin hvort við eigum ekki að taka okkur til og finna upp hjólið. Svarið við því er nei. Við ætlum þvert á móti að nota hjólið – nýta fyrirbyggjandi efni í eins miklum mæli og hægt er og draga úr því heildstætt yfirlit tillagna, þar sem verður líka fjallað um innbyrðis tengsl þeirra og áhrifin metin.

Nú spyrjið þið eflaust, hvernig er hægt að ætlast til þess að þessi hópur geti verið með sameiginlega sýn á nokkurn hlut.

Horfumst í augu við að þessi hópur á ekki og getur ekki verið sammála um allt eins og ég kom inná áðan. En þegar allt kemur til alls þá eru sameiginlegir fletir til staðar. Við búum í þessu landi. Við störfum í þessu landi. Afkoma okkar og komandi kynslóða skiptir máli. Lífskjör okkar eru mikilvæg. Það er mikilvægt að menntun okkar og þekking nýtist. Svona má rekja sig niður á sameiginleg málefni. Ég ítreka þó að það er ekkert athugavert við það, og í rauninni sjálfsagt og eðlilegt, að ágreiningur verði um ákveðna hluti.

Verum raunsæ á að hin eina sanna langtímastefna verður ekki búin til í samráðsvettvanginum. En þar fer fram mikilvæg hugmyndavinna um grunnmyndina og hvar sameiginlegar áherslur liggja. Það er mikilvægur þáttur í mótun skýrari hagvaxtarstefnu.

Því að þrátt fyrir ólíka forgangsröðun má ætla að við horfum til sömu hlutanna.

Fyrsti fundur samráðsvettvangsins var nú á mánudaginn var. Þar var farið í gegnum efnahagslegar áskoranir og tækifæri fyrir Ísland auk þess sem rammi fyrir komandi vinnu var ræddur. Hálfis árs vinna er framundan, en endanleg skil tillagna verða í september. Við munum leitast við að upplýsa um vinnuna eftir bestu getu og höfum nú opnað sérstaka heimasíðu, samradsvettvangur.is.

Talað orð gildir

*Góðir gestir.*

Það þarf kjark og úthald til að vinna saman að sameiginlegri sýn til framtíðar. Við lítum svo á að umboð okkar og hvatning komi ekki síst frá almenningi. Það hvetur okkur til dáða og gefur okkur kraftinn að leggja þessu mikilvæga verkefni lið.